Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2457
komudagur 11.5.2012

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7. maí 2012

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál**

Við undirrituð gerum alvarlegar athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Horft hafði verið til Rammaáætlunar sem skynsamlegrar sáttar milli sjónarmiða orkunýtingar og verndar orkukosta, þar sem fagleg sjónarmið væru hafin yfir öfgar.

Tillagan víkur í veigamiklum atriðum frá vel ígrunduðum og hlutlægum niðurstöðum verkefnisstjórnar. Furðu sætir til dæmis að virkjanakostir í neðri hluta Þjórsár, sem farið hafa í gegnum ítarlegar rannsóknir og ítrekuð umsagnarferli, séu færðir niður í biðflokk á afar veikum forsendum.

Því miður ber tillagan merki öfgasjónarmiða í umhverfispólitík á kostnað skynsamlegrar verðmætasköpunar, sem knýjandi þörf er fyrir til að bæta afkomu heimilanna í landinu, ekki síst hér á Suðurnesjum þar sem atvinnuástandið er einna bágast. Tillagan er því að okkar mati ótæk og óásættanleg í núverandi mynd.

Ólafur Þór Ólafsson
forseti bæjarstjórnar
Sandgerðisbæjar

Bryndís Gunnlaugsdóttir
forseti bæjarstjórnar
Grindavíkurbæjar

Einar Jón Pálsson
forseti bæjarstjórnar
Sveitarfélagsins Garðs

Gunnar Þórarinsson
formaður bæjarráðs
Reykjanesbæjar

Kristinn Björgvinsson
formaður bæjarráðs
Sveitarfélagsins Voga

Guðmundur Pétursson
formaður Samtaka atvinnurekenda
á Reykjanesi

Kristján G. Gunnarsson
formaður Verkalýðs- og sjómannafélags
Keflavíkur og nágrennis